



Dreifibréf vegna kynningar á skipulagi

Kópavogi, 30. júní 2021.
2106157/510.03 KH

Stórhjalli 2
Engihjalli 1, 3, 7, 9, 11.
Trönuhjalli 1 til 23.
Skógarhjalli 19 til 23.

Skemmuvegur 2a, skrifstofur Byko. Breytt deiliskipulag.

Athygli er vakin á því að bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 22. júní 2021 með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðar Byko við Skemmuveg. Í breytingunni felst breytt afmörkun byggingarreits og aukning á byggingarmagni skrifstofuhúsnæðisins úr 2.450 m² í 3.450 m². Byggingarmagn núverandi vöruafgreiðslu og afgreiðslu á 1. hæð verður óbreytt 6.547 m². Við breytinguna verða bílastæði á svæðinu 627 talsins sem er fækkun um 8 stæði frá gildandi deiliskipulagi. Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulagsskilmála.

Kynningargögn má nálgast á heimasíðu Kópavogsbæjar:
<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/byko-vid-skemmuveg>

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk skipulagsdeildar í síma 441-0000.

Athugasemdir eða ábendingar skulu berast skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 10. ágúst 2021. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.

Virðingarfyllt,
f.h skipulagsfulltrúa

Karlotta Helgadóttir
Ritari skipulagsdeildar